

Skipulagsstofnun
landsskipulag@skipulagsstofnun.is
Laugavegi 166

105 Reykjavík

Reykjavík, 13. febrúar 2015

Varðar: Umsögn um tillögu að landsskipulagsstefnu 2015 – 2026, desember 2014.

Samtök atvinnulífsins, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök iðnaðarins og SVP - Samtök verslunar og þjónustu (einu nafni samtökin) skila sameiginlegri umsögn um tillöguna, sem kynnt var á vef Skipulagsstofnunar.

Samtökin hafa áður lýst vonbrigðum sínum að ekki hafi verið haft meira samráð við atvinnulífið og að fulltrúa atvinnulífs hafi sárlega vantað í faghópana sem unnu að greiningu valkosta og umhverfismati. Að því sögðu er rétt að hrósa Skipulagsstofnun fyrir að nokkrum sinnum í undirbúningsferli tillögunnar hafa verið haldnir kynningarfundir og óskað umsagna um málið eins og það stóð á hverjum tíma. Það sem meira er og kannski óvenjulegra er að greinilega hefur verið tekið mið af ýmsum athugasemdum sem borist hafa.

Í tillögunni er gengið út frá því að skipulag snúist um fólk og nauðsyn þess að það geti valið sér búsetu og atvinnu þar sem best hentar. Skipulagið varðar samkeppnishæfni landsins alls og landshluta. Einnig er miðað við að skipulagið sé sveigjanlegt og geti tekið mið af breytingum sem verða á samfélaginu á hverjum tíma. Undir þetta taka samtökin og einnig að til grundvallar skipulaginu sé sjálfbær nýting auðlinda og ábyrgð í umhverfismálum.

Innviðir

Samtökin telja mikilvægt að hugað verði að heildaruppbyggingu helstu innviða í landsskipulagsstefnunni. Hér er átt við samgöngur á landi, sjó og í lofti, fjarskipti og raforkukerfið. Eins og kunnugt er hafa einstök sveitarfélög tafið og jafnvel komið í veg fyrir uppbyggingu mikilvægra innviða eða reynt að leggja af mikilvæg mannvirki með hliðsjón af þröngum eiginhagsmunum. Með þessu er komið í veg fyrir þróun byggðar á öðrum svæðum eða raskað búsetuskilyrðum. Samtökin telja mikilvægt að í slíkum tilvikum sé unnt að grípa inn í þannig að vegsamgöngur, raforkuflutningur og flugsamgöngur geti þróast með hliðsjón af hagsmunum heildarinnar.

Haf- og strandsvæði

Samtökin hafa gert athugasemdir við kafla um skipulag haf- og strandsvæða þar sem vísað er til ókynntra draga að lagafrumvarpi um skipulag haf- og strandsvæða. Af lestri tillögunnar verður ekki annað ráðið en að frumvarpsdrög séu til umfjöllunar í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, en samráðshópur sem ætlunin var að ynni málið með ráðuneytinu hafi ekki fengið þau til umfjöllunar og hefur aldrei verið kallaður saman. Það er óeðlilegt í tillögunni að vísa til draga að lagafrumvarpi sem ekki hefur verið kynnt. Best fer á því að sleppa þessari tilvísun.

Í markmiðskafla 4.1 er minnst á það sem kallað er „staðbundin nýting“. Þetta hugtak er ekki frekar skýrt. En af lestri skýringa má ráða að átt sé við þol afmarkaðra fjarða eða strandsvæða til að taka við lífrænu álagi eða til nýtingar jarðefna. Þetta getur ekki átt við nýtingu fiskistofna en þeir eru ekki staðbundnir og nauðsynlegt er að unnt sé að stunda veiðar þar sem fiskistofna er að finna hverju sinni. Þannig verður að tryggja aðgengi að fiskistofnum með heildstæðum hætti. Samtökin eru andvíg því að sveitarfélögin beri ábyrgð á svæðisbundu skipulagi hafsvæða utan netlaga eins og ráða má af umfjöllun í kafla 4.3 sem gefur til kynna að sveitarfélögum sé ætlað ákveðin hlutverk við skipulag svæða utan netlaga og þá sérstakleg strandsvæða. Aftur er engin skýring hvað liggur að baki þessu efni annað en tóm tilvísun til ógerðra laga um skipulag haf- og strandsvæða. Fiskveiðar fara að miklu leyti fram á grunnsævi og því sem mætti telja til strandsvæða. Stjórn fiskveiða er á ábyrgð sjávarútvegsráðherra, en ekki sveitarfélaga. Landskipulagsstefna verður að taka mið af gildandi lögum og laga verður tillögur að texta í kafla 4. um skipulag haf- og strandsvæða samkvæmt því.

Samtökin kalla eftir aðkomu að frumvarpsvinnu um skipulag haf- og strandsvæða þannig að umfjöllun um þau mál í landsskipulagsstefnu geti fengið meira efnisinnihald en nú er með vísan til frumvarpsdraga sem ekki hafa verið kynnt.

Virðingarfyllst,



f.h. Samtaka atvinnulífsins



f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi



f.h. Samtaka iðnaðarins



f.h. SVP - Samtaka verslunar og þjónustu